

***BORGARRÁÐ 2. maí 2019: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins Mörtu Guðjónsdóttur ásamt áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins um hvernig tekið er á málum starfsmanna Reykjavíkurborgar sem verða uppvísir að því að vera með ósiðlegaumræðu á opinberum vettvang - R19050020***

Óskað er upplýsinga um hvernig tekið er á málum starfsmanna Reykjavíkurborgar ef þeir verða uppvísir að því að vera með ósiðlega umræðu á opinberum vettvangi? Jafnframt er óskað upplýsinga um hvort starfsmenn sem hafa orðið uppvísir af slíku framferði hafi fengið athugasemdir eða áminningu frá sínum yfirmönnum og stjórnendum þ.e. skrifstofustjóra á skrifstofu borgarstjórnar, borgarritara eða borgarstjóra?